

STJÓRN STRÆTÓ BS.

Ár 2018, föstudaginn 17. ágúst 2018 var haldinn 289. fundur stjórnar Strætó bs. Fundurinn var haldinn í Mjódd og hófst kl. 11:00. Mætt voru: Sigrún Edda Jónsdóttir, Björg Fenger, Hjálmar Sveinsson, Helga Ingólfssdóttir, Karen Halldórsdóttir og Ásgeir Sveinsson. Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir sviðsstjóri fjármála og reksturs sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Staðfesting stjórnarmanna og kosning formanns og varaformanns
2. Árshlutauppgjör 30.06.2018
3. Forsendur fjárhagsáætlunar 2019
4. Vagnakaup
5. Greiðslukerfi
6. Vetnisverkefni
7. Starfsáætlun stjórnar
8. Önnur mál
- a. Erindi, Borgarstjórn Reykjavíkur

Tekið fyrir:

1. Staðfesting stjórnarmanna og kosning formanns og varaformanns
Í kjölfar sveitarstjórnarkosninga í vor skipuðu eigendur Strætó, sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, eftirfarandi aðila í stjórn og varastjórn Strætó bs. Aðalmenn; Björg Fenger Garðabæ, Hjálmar Sveinsson Reykjavík, Sigrún Edda Jónsdóttir Seltjarnarnes, Helga Ingólfssdóttir Hafnarfirði, Karen Halldórsdóttir Kópavogi og Ásgeir Sveinsson Mosfellsbæ. Varamenn; Kjartan Örn Sigurðsson Garðabæ, Kristín Soffía Jónsdóttir Reykjavík, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnes, Ólafur Ingi Tómasson Hafnarfirði, Margrét Friðriksdóttir Kópavogi og Kolbrún G. Þorsteinsdóttir Mosfellsbæ. Fulltrúi Garðabæjar, Björg Fenger, var kosin formaður stjórnar Strætó og fulltrúi Reykjavíkur, Hjálmar Sveinsson, varaformaður stjórnar, til tveggja ára.
2. Árshlutauppgjör 30.06.2018
Sviðsstjóri fjármála og reksturs lagði fram og kynnti sex mánaða uppgjör félagsins 30. júní 2018. Árshlutauppgjórið er hvorki kannað né endurskoðað af endurskoðendum félagsins. Rekstrartekjur eru lægri en áætlun gerði ráð fyrir á tímabilinu, þar vegur þyngst að fargjöld eru ekki að skilað sér í samræmi við þá áætlun sem lagt var upp með við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið.
Stjórn staðfesti árshlutauppgjör 30.06.2018 með undirskrift sinni.
3. Forsendur fjárhagsáætlunar 2019
Umfjöllun um drög að forsendum fjárhagsáætlunar 2019-2023
4. Vagnakaup
Theodór Kjartansson, lögmaður á skrifstofu borgarlögmanns Reykjavíkur, kom á fundinn og fór yfir minnisblað um uppgjör á tafabótum vegna seinkunar á afhendingu rafvagna í samræmi við ákvæði 0.4.3 í Örutboðsgögnum nr. II frá maí 2018, þar sem fram kemur að söluaðili skuli greiða kaupanda tafabætur ef vagnar eru ekki afhentir samkvæmt ákvæði í kaupsamningi.
5. Greiðslukerfi
Daði Ingólfsson, ráðgjafi hjá Roanuz ehf., fór yfir tillögu að framtíðargreiðslukerfi fyrir Strætó, sem hefði það megin markmið að gera viðskiptavinum Strætó auðveldara að greiða fyrir þjónustuna, auka öryggi greiðslu og létta álagi af vagnstjórum er varðar móttöku á greiðslu.
6. Vetnisverkefnið
Áframhaldandi umfjöllun um stöðu vetnisverkefnis á vegum Evrópusambandsins sem gengur undir nafninu „Joint Initiative for hydrogen Vehicles across Europe“ (JIVE II

FCH-JU EU) og var síðast til umfjöllunar á fundi stjórnar 4. maí 2018, þar sem framkvæmdastjóra var heimilað að halda áfram með verkefnið og gerð útboðsgagna. Stjórn samþykkti að óska eftir að framkvæmdastjóri tæki saman nánari gögn varðandi verkefnið. Einnig var óskað eftir að framkvæmdastjóri NýOrku kæmi á fund stjórnar og kynnti verkefnið.

7. Starfsáætlun stjórnar
Umræður um starfsáætlun stjórnar.
Stjórn samþykkti að lögð verði fram uppfærð starfsáætlun á næsta reglulega fundi stjórnar í samræmi við umræður.
8. Önnur mál
 - a. Erindi, Borgarstjórn Reykjavíkur – Tillaga borgarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um stofnun félags strætófarþega, dagsett 21. júní 2018. Lagt fram.

**Fleira var ekki tekið fyrir.
Fundu slitið: kl. 13:00**

Björg Fenger
Helga Ingólfssdóttir
Karen Halldórsdóttir

Hjálmar Sveinsson
Sigrún Edda Jónsdóttir
Ásgeir Sveinsson

Fylgiskjöl:

- Árshlutauppgjör 30.06.2018
- Kynning á árshlutauppgjöri 30.06.2018
- Erindi, Borgarstjórn Reykjavíkur, dagsett 21. júní 2018